





Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINN BESTI

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 7. desember 2017 · 27. tbl. · 34. árg. · Ókeypis eintak

Gáfu 5 ára deildinni gönguskíði



Íþróttagarparnir Gullrillur eru ekki bara afrekskonur í íþróttum, þær eru líka samfélagslega þenkjandikónur og hafa nú keypt 21 par af gönguskíðum fyrir 5 ára börn. 17 pör fara á Tanga, 5 ára deild

leikskólabarna á Ísafirði og 4 pör fara á leikskólann Grænagarð á Flateyri. Fyrir skíðunum söfnuðu Gullrillur með sushi gerð og dugði afraksturinn fyrir 16 pörum en fyrirtæki á svæðinu hafa bætt við svo hægt

væri að kaupa fleiri.

Skíðin voru afhent með pompi og pragt á sjúkrahústúninu í hádeginu í síðustu viku og voru krakkarnir alveg til í tuskíð.

Grunnurinn er lagður fyrir landsliðsfólk framtíðarinnar.





HAMRABORG
Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG SAMLOKA
með hangikjöti og salati



HAMRABORG SAMLOKA
með roastbeef



HAMRABORG SAMLOKA
með kjúklingasalati



HAMRABORG SAMLOKA
með rækjum og eggjum

alltaf nýsmurt



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum
fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Enn og aftur bylting

Þær eru hroðalegar sögurnar sem konur hafa sett á blað um áreitni, ofbeldi og mismunum sem þær hafa orðið fyrir í störfum sínum. Stjórnmalakonur riðu á vaðið sem sínum sögum og í kjölfarið komur sviðslistakonur fram með sína reynslu. Konur í vísindum hafa nú bæst í hópinn og alltaf stækkar kökkurinn í hálsi þriggja dætra móður.

Hvernig má það vera að helmingur þjóðarinnar skuli ennþá búa við svona aðstæður, hversu miklir hæfileikar hafa farið forgörðum vegna þessarar ofbeldismenningu sem samfélagið hefur hingað til þegjandi samþykkt. Nú er mál að linni, ofbeldismenn og perrar skjálfa nú í hornum því þögninni hefur verið aflétt.

Heiðarlegt fólk af báðum kynjum hefur komist að því að þetta gengur ekki lengur, hinir eru komnir ruslflokk.

Bryndís Sigurðardóttir ritstjóri



Hnifsdalur

Átthagamyndir

af öllum lögbýlum og þéttbýlisstöðum fyrir vestan



Loftmynd frá Mats er alltaf kærkomin gjöf.
Mýmargar stærðir og gerðir í boði.

Mats

Kynnist úrvalinu á www.mats.is
Hafið samband á mats@mats.is

Átthagamyndir í nærri hálfa öld

Að lifa með einhverfu



Mikael Sigurður Kristinsson

Mikael Sigurður Kristinsson er 18 ára nemi við Menntaskólann á Ísafirði. Hann sker sig ekki mikið úr nemendahópnum en munurinn á Mikael og vísitölunemanum er að hann er með einhverfu. Á vísindadögum Menntaskólans sem voru haldnir á dögunum sagði Mikael frá einhverfu og hvernig hún hefur markað

líf hans. Kynning Mikæls var verðlaunuð sem besta kynningin á vísindadögum. „Ég fjallaði fyrst um hvað einhverfa er og hversu mismunandi hún getur verið. Manneskja sem er með dæmigerða einhverfu eins ég og getur talað og hagað sér eðlilega en það eru til fleiri afbrigði af einhverfu,“ segir Mikael.

Hann fór einnig yfir hvað við getum tengt einhverfu, fordómasameinverfirverða fyrir og hvað skólar geta gert fyrir fólk með einhverfu.

„Svo sagði ég mína sögu og hvernig ég lifi með einhverfu. Ég var lagður í einelti og átti erfitt í skóla vegna þunglyndis. Nú er ég á starfsbraut í Menntaskólanum og gengur frekar vel, eiginlega alveg fáránlega vel,“ segir Mikael.

Leiðin liggur upp á við hjá þessum efnilega unga manni en hann fer ekki í grafgötur með það að barnæskan hafi verið erfið. „Ég var greindur mjög seint með einhverfu og þetta var verst þegar ég var yngri, þá vissi ég ekki hvað var að mér. Ég vissi að ég væri öðruvísi en ekki af hverju.“

Á næstu önn ætlar Mikael að halda áfram námi. „Ég held áfram á starfsbraut en tek einhverja áfanga á náttúrufræðibraut. Markmiðið er að klára stúdéntinn.“

Skin og skúrir

Meistaraflokkur karla í Vestra sígraði Fylki 3-0 í útileik 1. desember. Vestramenn komu ákveðnir til leiks og sigurinn var sannfærandi. Hinn nýi leikmaður Vestra, Mateusz Klóska, átti góðan leik og ljóst er að Vestramenn voru heppnir að fá þennan pólska Bolvíking til liðs við sig. Kjartan Óli Kristinsson var einnig firnasterkur og í rauninni áttu allir leikmenn finan leik.

Laugardaginn 2. desember mætti liðið svo HK b og laut þar í lægra hald í 5 hrinu leik þar sem Vestri hóf leikinn með því að vinna tvær fyrstu hrinurnar en þá hrökk HK b í gang og vann seinni þrjár.

Vestri og HK b eru nú í þriðja og fjórða sæti deildarinnar með 7 stig en Vestri á einn leik til góða



Nýstárlegt „fagn“ hjá meistaraflokki karla í blaki



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLAR BORVÉLAR*

TAX FREE

Jólagjafir í úrvali



HITACHI



**BLACK+
DECKER**

Ásamt fjölda
annarra tilboða
á verkfærum

allt að 30% afsláttur

Gildir einnig í vefverslun husa.is



Tíu ungmenni úr Vestra í æfingahópum yngri landsliða KKÍ



Hópurinn sem á sæti í æfingahópum yngri landsliða frá Vestra. Myndin var tekin eftir sigur meistaraflokks á Gnúpverjum á útivelli en báðir 10. flokkar Vestra voru einng að spila á útivelli um helgina. Frá vinstri: Hilmir Hallgrímsson, Hjördís Harðardóttir, Egill Fjölisson, Rakel Adeleye, Hugl Hallgrímsson, Dagbjört Jóhannesdóttir, Björn Ásgeir Ásgeirsson, Helena Haraldsdóttir, Friðrik Vignisson og Katla Sæmundsdóttir. Mynd: Vestri.is

Föstudaginn 1. desember kom í ljós að 10 ungmenni frá Vestra hafi verið valin í æfingahópa Körfuknattleikssambands Íslands fyrir yngri landslið.

Þessi miklu fjöldi ber vitni um það öflugna barna-

og unglingastarf sem fram hefur farið í deildinni undanfarin ár. Þetta er einnig í takt við þann mikla fjölda krakka sem leggur hart að sér í hverri viku við að bæta sig í íþróttinni undir öruggri handleiðslu Yngva Gunnlaugssonar

yfirþjálfara og annarra þjálfara deildarinnar.

Æfingahóparnir koma saman rétt fyrir jól og á milli jóla og nýárs á suðvesturhorninu og æfa undir handleiðslu landsliðsþjálfara hvers hóps.

Í U-15 æfingahópistúlkna eru þrjár Vestra stelpur, þær Helena Haraldsdóttir, Katla María Magdalena Sæmundsdóttir og Rakel Damilola Adeleye. Þessar þrjár stúlkur eru í 9. flokkien fögnuðu áfanganum með

góðum sigri í bikarkeppni KKÍ á sunnudag ásamt stöllum sínum í 10. flokki og tryggðu liðinu sæti í undanúrslitum.

Í U-15 æfingahópi drengja er Strandamaðurinn Friðrik Heiðar Vignisson sem hefur æft og spilað með Vestra undanfarin ár ásamt því að æfa með Geislanum á Hólmavík. Þess má geta að Friðrik hefur að mestu spilað ár upp fyrir sig og varð m.a. bikarmeistari með 9. flokki drengja hjá Vestra í vor. Um helgina lék hann með 10. flokki í bikarkeppni KKÍ en sameiginlegt lið Vestra og Skallgríms tryggði sér sæti í undanúrslitum keppninnar á sunnudag.

Í U-16 æfingahópi stúlkna eiga þær Dagbjört Ósk Jóhannesdóttir og Hjördís Harðardóttir sæti. Þær stöllu fögnuðu árangrinum

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.





Gleðileg jól!

Jólaísinn frá Kjörís er hreint út sagt ómótstæðilegur. Í ár hringjum við inn hátíð ljóss og friðar með hátíðarís með karamellusnúningi. Það er góður siður að gera sér dagamun yfir jólin með ábætisrétti að lokinni máltíð – eða með örlitlu góðgæti eftir annasaman dag. Hvort sem þú kýst heldur, þá er alltaf tími fyrir jólaís.

JÓLAÍS

med
karamellu



Sannar gjafir sem bjarga börnum



Nú eins og síðastliðin jól eru Sannar gjafir UNICEF vinsælar í jólapakka landsmanna. Jólagjafir frá Íslandi bárust til barna um allan heim um síðustu jól og stefnir í að enn fleiri börn muni njóta góðs af Sönnum gjöfum frá Íslandi þetta árið.

„Það er greinilegt að fólk vill vera tímanlega í ár, og finnst þægilegt að geta verslað gjafirnar sínar á netinu í rólegheitunum“, segir Vala Karen hjá UNICEF á Íslandi, en hún keppist nú við að senda jólakveðjur með hjálpargögnum til heimila um allt land.

Sannar gjafir UNICEF eru lífsnauðsynleg hjálpargögn fyrir börn í neyð. Þæru stórsniðugar jólagjafir og jólakort fyrir vini og fjölskyldu en mikið úrval í öllum verðflokkum má finna á www.sannargjafir.is. Gjöfin er keypt í nafni þess sem þú vilt gleðja og UNICEF sér síðan til þess að koma hjálpargögnunum til barna þar sem þörfin er mest.

Hlý teppi vinsælust
Vinsælasta gjöfin í fyrra var hlý

teppi, en þeim er meðal annars dreift í flóttamannabúðum þar sem börnum er kalt. Ormalyf frá Íslandi bárust til Rúanda, vatnshreinsitöflur til Palestínu og næringarduft til Sýrlands svo örfá dæmi séu nefnd.

„Allar gjafirnar eiga það sameiginlegt að bæta líf barna sem þurfa á hjálp okkar að halda. Það er því yndislegt að sjá hversu margir kjósa að gefa Sannar gjafir um jólin“, segir Vala Karen. „Í vefversluninni okkar má finna mikið úrval af gjöfum

sem koma að góðum notum og geta bjargað lífi barna. Nú er til dæmis mikil þörf fyrir vítamínbætt jarðhnetumauk og næringarmjólk til að bjarga börnum sem eru alvarlega vannærð, til dæmis í Jemen og Suður-Súdan.“

Það tekur enga stund að versla jólagjafirnar í vefverslun UNICEF, www.sannargjafir.is. Sannar gjafir eru í öllum verðflokkum og eru til dæmis sniðugar jólagjafir fyrir þá sem eiga allt, hlýleg jólakveðja til

vina og fjölskyldu erlendis eða skemmtileg tækifærisgjöf til að gleðja leynivinnu í vinnunni. Einnig er hægt að kíkja á skrifstofu UNICEF á Íslandi á Laugavegi 176 og velja gjafir á staðnum og fræðast um hvernig gjafirnar koma að góðum notum.

Hér má sjá nokkur dæmi að góðum jólagjöfum sem bæta líf barna:

Vatnshreinsitöflur galdra fram drykkjarhæft vatn

Milljónir barna hafa ekki aðgengi að hreinu drykkjarvatni eins og við erum von hér heima. Vatnshreinsitöflur eru sendar á svæði þar sem hreint vatn er af skörum skammti. Þessar bráðsniðugu töflur geta á örskotsstundu galdrað fram drykkjarhæft vatn úr óhreinu vatni og með því komið í veg fyrir útbreiðslu lífshættulegra smitsjúkdóma.


Jarðhnetumauk gerir kraftaverk fyrir vannærð börn
Vítamínbætt jarðhnetumauk

gegnir lykilhlutverki á svæðum þar sem börn eru í lífshættu vegna vannæringar, meðal annars í Bangladess, Nígeríu og Jemen. Jarðhnetumaukið inniheldur öll nauðsynleg næringarefni, vítamín og steinefni sem börn þurfa og gerir kraftaverk fyrir vannærð börn. Það er tilbúið til neyslu beint úr pakknum. Í flestum tilfellum þurfa börn einungis þrjá pakkna á dag í fáeinar vikur til að ná fullum bata.

Ormalyf í jólapakkann

Ormalyf eru kannski ekki glamúrgjöfin í ár en ormalyf hafa sannarlega mikið notagildi! Á hverju ári látast skelfilega mörg börn af völdum vannæringar vegna sníkjudýra í meltingarvegi. Sníkjudýrin næna börnin nauðsynlegum næringarefnum og gera þau bæði máttvana og varnarlaus gegn sjúkdómum. Lyfin hjálpa börnum að losna við sníkjudýrin og þau skelfilegu óþægindi sem þeim fylgja og hafa til að mynda verið send til barna í Rúanda, Burkina Faso og Pakistan.





TIL: *Elsku sonarsonarins*
FRÁ: *Ömmu*
ÁVÍSUN Á: *Að fara saman á
þrettándabrennu í Reykjavík*

Jólagjafabréf

Jólagjafabréf Air Iceland Connect gefur kjörið tilefni til að njóta innihaldsríkrar samveru hvar sem er á landinu með þínum nánustu. Með hverjum viltu eiga ævintýralegar óskastundir?

Það gæti ekki verið einfaldara. Þú ferð inn á airicelandconnect.is/gjafabref, velur þá upphæð sem þú vilt gefa, kaupir, prentar og jólagjöfin í ár er komin!

Air Iceland
Connect

Ofhleðsla báta er ekki afrek

„Ofhleðsla báta er mjög alvarlegt mál sem virðist því miður vera allt of algengt. RNSA hvetur fjölmiðla, samfélagsmiðla og aðra til að hætta að upphæfja háttsemi sem þessa, það er ofhleðslu báta, sem hetjudáð og/ eða afrek,“ segir meðal annars í skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa um atvik sem varð á Breiðafirði fyrr á þessu ári. Þá munaði minnstu að verulega ofhlaðinn bátur, Hjördís HU 16, sykki en um borð voru tveir menn.

Báturinn er rúm 10 brúttó-tonn og hleðsla umfram burðar-getu hans reyndist vera 4,5 tonn. Skipstjórinn taldi hins vegar að burðargeta bátsins væri nægileg miðað við aðstæður.

Í ábendingu rannsóknarnefndarinnar til fjölmiðla og annarra er vísað til að oft og tíðum birtast í fjölmiðlum myndirafdrekkhlöðnumbátum að koma til hafnar sem merki um sérlega eftirtektarverða og aðdáunarverða aflasæld áhafnarinnar.



Þessi mynd birtist ekki fyrir löngu á bb.is og tekur fjölmiðillinn ábendingar rannsóknarnefndarinnar til sín.



Lýðháskóli næsta haust



Myndir frá stofnfundi félags um lýðháskóla á Flateyri

Félag um stofnun Lýðháskóla á Flateyri auglýsir nú eftir framkvæmdastjóra en hingað til hefur öll vinna við uppbyggingu og þróun skólans verið unnin af rúmlega 30 manna hópi sjálfboðaliða úr hópi heimamanna, listafólks, sérfræðinga og skólafólks, en gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri taki til starfa hinn 15. febrúar nk, og stýri undirbúningi og þróun skólans sem vonir standa til að geti hafið starfsemi næsta haust. Stjórn félagsins hefur óskað eftir fundi með þingmönnum kjördæmisins um leið og þing kemur saman til að kynna þeim málið og ósk félagsins um kennsluframlag til skólastarfs með sambærilegum hætti og almennt gerist meðal framhalds- og háskóla.

Runólfur Ágústsson stjórnarformaður félags um lýðháskóla segir námskrár að mestu tilbúna, öll aðstaða er fyrir hendi og til stendur að fara af stað með inntöku 60 nemenda strax næsta haust. Einnig vinni félagið að því að fjármagna

sérstaklega kostnað við stofnun skólans, m.a. með stuðningi fyrirtækja og velunnara.

Runólfur telur samfélagsleg áhrif á Flateyri yrðu afar jákvæð með 60 nýjum íbúum í pláss við á besta aldri auk þeirra starfa sem skólinn myndi skapa með beinum hætti en um er að ræða 2-4 föst stöðugildi auk 10-20 verkefnaráðinna kennara í hlutastörfum þar sem ávallt yrði leitast við að nýta staðbundna þekkingu. Einnig myndu börn nemenda (og starfsfólks) styrkja verulega starfsemi leik- og grunnskóla staðarins.

Markhópurinnerungtfólk sem lokið hefur framhaldsskólaláran á þess að vita hvað það vill, ásamt eldra fólki, 25-35 ára sem hætti framhaldsskólanámi á sínum tíma en vill koma aftur til náms og finna sína fjöl.

Fjölmennur hópur íslenskra ungmenna stundar í dag nám við lýðháskólaerlendis, aðallega í Danmörku og vinsældir lýðháskóla fara mjög vaxandi.

Starfsemi skólans getur svarað hinu opinbera umtalsverða fjármuni og komið í veg fyrir soun í menntakerfinu þar sem stór hópur hefur árlega nám innan hins hefðbundna skólakerfis, án þessa að vita í sjálfu sér hvert skuli stefna og hverfur síðan frá slíku námi eftir mikinn tilkostnað, bæði persónulegan og samfélagslegan.

Ekki verður áhersla á gráður

eða einingar, heldur að gera það sem eitt sinn var kallað „að koma fólki til manns“, nám þar sem fólk lærir að gera hluti með kennara með því að framkvæma þá.

Búið er að þróa þjárnámslínu út frá greiningu á styrkleikum staðarins, kvikmyndavinnu (vegna mikils fjölda kvikmyndagerðarfólks sem á hús á staðnum og dvelur þar), tónlistarskópun (vegna sterkrar tónlistarhefðar á Vestfjörðum) og umhverfis/sjálfbærnisnáms, þar sem áherslan er á að lifa af og með náttúrunni. Þar kenna heimamenn veiðar, harðfiskverkun, grjóthleðslu, björgunarstörf, fjalla-skiðamennsku o.fl.

Félagið nýtur stuðnings heimamanna. Á stofnfundinn í febrúar sl. mættu 120 manns.

Öll aðstaða til skólahalds og húsnæði fyrir nemendur yfir vetrarmánuðina er til staðar á Flateyri, vannýtt í dag.

Formlegt samstarf er við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um málið og sömuleiðis verður leitað samstarfs við Háskóla- og Menntaskólann á Ísafirði.

Umsóknafrestur um starf framkvæmdastjóra rennur út hinn 15. desember næstkomandi, starfsstöð hans er á Flateyri og segir Runólfur að búseta á atvinnusvæði Ísafjarðarbæjar sé skilyrði.



Stollen jólabrauð
Laufabrauð
Smákökur
Piparkökur
Tertubotnar
Marengsbotnar
Rúgbrauð
Marsipanbrauð
Marsipanhjörtu
Jólaönnur
Hátíðarkaffi
Jólate
Jólaönnur
Tekatlar
Tekatlar
og margt fleira



**Gamla
bakariid**
ADALSTRÆTI 24 ☎ 456 3226 ÍSAFIRÐI

GJAFAKORT ÍSLANDBANKA

GEFST ALLTAF VEI

Gjafakort Íslandsbanka gefst alltaf vel, hvað sem er á óskalistanum. Kortið gildir í verslunum og á netinu, rétt eins og önnur greiðslukort. Það kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst í öllum útibúum okkar. Þú þarft í raun ekkert að gera annað en að velja upphæðina.

islandsbanki.is/gjafakort



Vitavörðurinn

e. Valgeir Ómar Jónsson

Laust eftir miðnætti aðfaranótt 9. júní 1941 stóðu fjórir alvopnaðir breskir hermenn við vitavarðarhúsið á Galtarvita. Erindi þeirra var að handtaka vitavörðurinn Þorberg Þorbergsson og flytja í fangelsi í Bretlandi.

Áður en þeir gætu haldið frá landi með stríðsfangann varð hann sjálfur að gera við bát hermannanna sem brotnað hafði í fjörunni. Sök vitavarðarins var að hafa skotið skjólshúsi yfir þýskan flóttamann.

Ferðin til Bretlands var fyrsta utanför Þorbergs og honum minnistæð. Í bókinni rekur Valgeir Ómar Jónsson sonarsonur Þorbergs sögu afa síns og samferðamanna hans og framvindu þessa sérstæða máls.

Hér má lesa fyrsta kafla bókarinnar sem fjallar um handtöku Þorbergs.

Handtakan

Það tók hann smástund að vakna, einhver var að ýta við honum. Þegar hann loks áttaði sig, var hann skjótur á fætureins og hann var vanur.

„Vaknaðu, pabbi, það er verið að banka á útidyrnar,“ sagði Ragnar, næstelsti sonur hans. Ragnar hafði vaknað fyrstur við bankið, hafði kannski ekki sofnað, hann var ekki viss. Nú heyrði vitavörðurinn að bankað var harkalega á útihurðina, eins og með barefli.

„Hver getur verið á ferðinni á þessum tíma sólarhrings?“ sagði hann við son sinn. Hann leit út um gluggann og sá að það var svartapoka. „Skyldi einhver frá Skálavík hafa villst hingað yfir í þessari þoku?“

Hann klæðir sig í buxur og gengur niður stigann, strákurinn bíður uppi á lofti með spert eyru. Hann gengur fram á skörina til að heyra betur hvað sé að gerast niðri. Hann heyrir brak í gólfinu yfir aftan sig, systkin hans eru vöknuð. Hann horfir á þau og sér að þau eru engu minna spennit. Hann heyrir á umstanginu niðri að það eru fleiri en einn maður á ferð.

Ragnar hafði séð til pabba síns þegar hann kom heim kvöldið áður, þá er hann kom í túnjaðarinn. Hann var að koma frá Suðureyri þar sem hann vann við fiskverkun. Pabbi hans var með soðningu sem hann var að rogast með, svo hann hljóp á móti honum til að hjálpa við burðinn. Það var frí hjá vitaverðinum í vinnunni, því daginn eftir var sjómanna dagurinn og engin skip að róa. Rannveig, kona vitavarðarins, var ekki heima. Hún var norður í Bolungarvík. Hún hafði sótt um ljósmóðurstarf sem auglýst var þar og henni veitt staðan. Hún þurfti að byrja strax, svo hún hafði flutt fyrir tveimur vikum ásamt Salbjörgu, yngsta barni þeirra hjóna. Þau hjónin voru

ákveðin í að hætta vitavörslunni um mitt sumar eða þegar nýr vitavörður hefði verið ráðinn. Þau voru búin að ala manninn hér í tæp tíu ár. Það gekk sú þjóðsaga um héraðið að það kæmi eitthvað slæmt fyrir þann sem væri lengur og þau voru komin langt á tíunda árið.

Vitavörðurinn sinnti vinnu flesta vetur á Suðureyri, því vitavarðarlaunin voru frekar rýr. Þau dugðu skammt þegar marga munna var að fæða og kroppa að klæða. Þegar þau hófustörf á vitanum voru börnin fjögur, tvíburarnir Elías og Þórey, Ragnar árinu yngri og Halldór. Tvö börn voru fædd á Galtarvita, Jón og Salbjörg. Þorbergi líkaði vel vinnan á Suðureyri, það var eins og fólkið á staðnum ætti hvert bein í fjölskyldunni. Hann þurfti að ganga með fjörunni undir Gólt til vinnu. Fjöruleiðin fyrir Gólt er algjörlega ófær með hesta eða aðra stórgripi en sæmilega greið gangandi fólki að sumarlagi. Hér verður þó að varastúthafsölduna og steinkast af fjallinu. Í vetrarhörkum gat orðið torsótt að brjótast áfram fyrir Ófærana, en leiðin lokaðist þegar öskrandi brimið skall á klettinum. Menn þurftu að vera í góðu líkamlegu ástandi svo ekki færi illa þegar klöngrast var þessi forvöð, urðir og klungur.

Vitavörðurinn ætlaði að nota þennan frídag til að ganga frá fjárhúsum og hlöðu. Hann vildi skila af sér húsum í góðu ásigkomulagi, þannig að nýi vitavörðurinn ætti að geta hafið búskap sinn í góðum húsum. Hann ætlaði svo að lagfæra girðingarnar með strákunum, þær sem lágu niðri eftir snjó vetrarins. Kindur frá Skálavík og Súgandafirði gengu oft hingað að vitanum yfir sumarið í leit að beit, svo það var gott að hafa allar girðingar í góðu lagi. Nýi vitavörðurinn varð að hafa túnin til sláttar á komandi sumri.

Hann hafði séð vitavarðarstöðuna auglýsta í blaði sem hann komst yfir þegar hann var að vinna í síldarverksmiðjunni

á Hesteyri rúmum tíu árum fyrr. Á Stekkseyri innan Hesteyrar höfðu Norðmenn reist hvalveiðistöð árið 1890 og nefndu Heklu. Kveldúlfsmenn keyptu stöðina á fyrri uppgangstímum síldarinnar og breyttu henni í síldarverksmiðju og ráku til ársins 1939. Sími hafði verið lagður á Hesteyri 1922 og um leið var lögð lína að Látrum í Aðalvík.

Blaðið var það gamalt að hann hélt að búið væri að ráða í stöðuna, en það sakaði ekki að reyna. Hann hringdi í Vitamálastofnun Íslands og þegar hann spurði um starfið var honum gefið samband við Thorvald Krabbe vita- og hafnarmálastjóra. Vitamálastjóri lét honum í té allar þær upplýsingar um starfið er hann hafði. Þorbergur varð svo hrifinn að hann sótti um starfið í þessu sama samtali, án þess að ráðfæra sig við konu sína, það væri hægt að gera seinna, ef af ráðningu yrði. Þegar hann kom heim til Miðvíkur viku seinna, beið eftir honum símskeyti frá Vitamálastofnun, honum hafði verið veitt staðan. Kona hans var yfirsetukona fyrir Sléttuhrepp og þurfti hann að sannfæra

hana um ágæti þessa starfs. Þau komust að þeirri niðurstöðu að best væri að þiggja starfið, þar sem atvinnuástand í Aðalvík væri ekki mjög tryggt og búreksturinn í Efri-Miðvík – sem þau áttu þriðjung í og þar sem þau bjuggu ásamt Finnbirni og Sölva, bræðrum Þorbergs – gaf ekki mikið af sér.

Rannveig var búin að vera yfirsetukona Sléttuhrepps síðan 1923, er hún lauk námi við Yfirsetukvennaskóla Íslands. Hún tilkynnti afsögn sína Jóni Þorvaldssyni lækni hreppsins, en hann sat á Hesteyri.

Þau voru alla sína veru á vitanum með skepnuhald, komu með 24 kindur frá Miðvík og nú var hann með u.þ.b. 115 kindur á húsum, tvær kýr, nautkálfr og hest. Einnig þurfti hann að heyja fyrir 15 kindur sem hann hafði á húsi í Skálavík. Hesturinn var notaður til flutninga á haustin er vitaskipið Hermóður kom með vistir og gas á vitann og við heyannir á sumrin.

Dvölin á vitanum hafði verið erfið þau ár sem búskapur þeirra stóð og var glíman við náttúruöflin erfiðust.

Þau misstu þarna tvo báta. Annar fór í vestan ofsaverði og í því veðri brotnuðu einnig rúður í vitanum og hurðin á honum mölbrotnaði. Vegna þess hve vitinn var mikilvægur varð vitavörðurinn að brjótast út á Norðureyri til að geta komist yfir á Suðureyri, kaupa þar rúður og smíðafni í hurð. Tjónið þurfti einnig að tilkynna til Vitamálastofnunar. Hann varð



að ganga þessa sex kílómetra löngu leið frá vitanum að Norðureyri, fyrir Gólt. Þar varð hann að sæta lagi vegna veðurs og sjógangs er hann stökk á milli steina í fjörunni, með vindinn lemjandi á sér og sjóinn brjótandi í fjörunni. Allt var rennandi blautt og honum fannst hvert stökk afrek. Hann var nærri þrjár klukkustundir að klöngrast þessa vegalengd, sem hann var vanur að fara á rúmri klukkustund.

Kristján Sigurðsson bóndi á Norðureyri tók á móti honum þegar hann nálgadist eyrina. Kristján var úti að kíkja til veðurs og athuga með fé sitt, sem hann var með úti á túni, þegar hann sá vitavörðurinn koma. Hann vissi strax að eitthvað var að, það lagði enginn á sig því líkt ferðalag á þessum árstíma og í svona veðri nema hafa orðið fyrir einhverju óhappi. Veðrið var þó eitthvað að ganga niður. Eftir að hafa hlustað á hrakningar vitavarðarins bauðst Kristján til að flytja hann yfir fjörðinn. Kristján var ætíð með skektu sína tilbúna í flæðarmálinu, en vegna veðurs hafði hann dregið hana á land. Þeir tóku því til við að sjósetja bátinn. Ná þurfti í hvalbein upp í hús og bleyta þau í sjó. Þetta var seinlegt, bæði voru beinin þung



Ungu hjónin með fyrstu börnin. Árið er 1928, myndin tekin í Aðalvík. (Pálína Jónsdóttir)

og ekki var veðrið til að liðka fyrir. Þegar allt var klárt, kölluðu þeir í vinnumann Kristján, sem var í fjósinu að sinna kúnum. Skektan rann blíðlega í sjó fram á blautum beinunum. Þeir reru sinn á hvorri árinni yfir fjörðinn.

„Kristján, getur þú beðið eftir mér smástund, meðan ég hringi þetta símtal og bjarga mér um smíðaeefni?“ spurði vitavörðurinn.

„Það er alveg sjálfsagt, Bergur minn,“ svaraði bóndinn á Norðureyri.

Timbrið fékk hann á Suðureyri, en rúðurnar þurfti hann að panta að sunnan. Þegar þeir komu yfir fjörðinn aftur, hjálpaði Kristján vitaverðinum að binda á sig timbrið, svo hann gæti gengið með það heim.

Hinn bátinn missti hann í fljóðbylgju. Báturinn var uppi á Ásnum sem svo var kallaður, alveg undir barði. Báturinn var á hvolfi, enda var þetta um miðjan vetur. Það gerði, eins og þegar rúðan brotnaði í vitanum, vestan áhlaup með svo stórrí fljóðbylgju að sjórinn sprengdi Ásinn og hreif allt lauslegt með sér og braut bátinn.

Samkvæmt ráðningar-samningi átti vitavörðurinn að framfleyta sér að mestu á búskap og var endurgjaldslauss ábúð á vitanum kjörin, að auki fékk hann um 1000 krónur í árslaun. Einnig útvegaði Vitamálastofnun eitt tonn af eldsneyti og þrjú tonn af kolum. Þegar vitinn var reistur þarna 1920, voru byggð útihús – fjós, hlaða og fjárhús – auk íbúðarhússins er var tvílyft, bárujárnsklætt.

Eftir fyrsta ársuppgjör á vitanum, sáu þau hjón hvað aðföng voru dýr. Gerði vitavörðurinn sér ferð með Súðinni til Reykjavíkur það vor. Hann ætlaði að athuga með ódýrari nauðsynjavörur. Eftirgrennslan í matvöruverslunum leiddi í ljós, að ódýrast var að versla í Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis, KRON. Allir reikningar lækkuðu til muna. Gerði hann samning við verslunina og fór með hann niður í Vitamálastofnun, þar sem þeir sáu um alla flutninga á aðföngum fyrir vitann og að borga alla reikninga. Vitamálastjóri fann, að þessi maður var ákveðinn í að láta launin duga fyrir nauðþurftum heimilisins og jafnvel svo að einhver yrði afgangur. Enginn vitavörður hafði lagt á sig slíkt ferðalag út af kosti sínum, svo hann mundi.

Það var margt öðruvísi á vitanum en hafði verið í Efri-Miðvík. Hér var annar hver hóll álagablettur. Ekki svo að skilja



Séð niður að Galtavita, ofan af Galti. Fjallið norðar er Öskubakur. (Salbjörg Þorbergsdóttir)

að álagablettir í Aðalvíkinni væru færri er ekki mátti slá, en þar þekkti hann hverja þúfu og hól. Hér vissi hann ekki hverjir álagablettirnir voru, svo að ugglaut hefur einhver álagabúfan verið slegin við og við, nema þá þúfan sem kölluð var Álfatrumba og var í Stefnishlíðinni upp af norðurtúninu. Fráfarandi vitavörður hafði slegið þennan blett og árið eftir missti hann 30 kindur. Konu hans hafði dreymt konu er kom til hennar og sagðist búa í Álfatrumbu og varaði þau við því að slá blettinn, en þar sem bletturinn var grösugur, sló Oddur hólinn.

Oddur Sæmundsson, fráfarandi vitavörður, hafði að vísu gengið með honum um túnin og bent á bletti sem ætti að varast, en eitthvað höfðu þeir skolest til í minninu. Hann hafði komið hingað einn til að kynna sér aðstæður og ætlaði að fara norður í Aðalvík daginn eftir að ná í fjölskylduna.

Sá atburður gerðist hjá þeim er leiddi hugann að álögum. Það var um vetrartíma að mikil íshrönn var með allri fjörunni. Kindurnar voru þar á beit enda veður einstaklega gott og alltaf gott að geta drygt hey með fjörubeit. Allt í einu sprakk stórt stykki úr íshrönninni og urðu undir einar tíu kindur. Vitavörðurinn taldi að þetta hefði verið mesti skaðinn er þau

urðu fyrir í veru sinni þarna á útnesjum alheimsins.

Ekki voru það aðeins álagablettir er áttu að ónáða ábúendur þessa útkjálka, hér átti að vera reimt svo um munaði. Þegar þau komu að vitanum fyrst, komu þau sjóleiðina frá Aðalvík, með allt sitt innbú og börn. Það var frekar dimmt yfir, þó að um mitt sumar væri, fráfarandi vitavörður hafði farið deginum áður, svo húsið var mannlaust. Í fjörunni sjá þau, að það er eins og ljós sé í bænum og útihúsum. Börnin urðu dálítið skelkuð við þessa sýn, þar sem sveitungar þeirra í Aðalvík voru búnir að telja þeim trú um að reimt væri á Galtarvita. Það var ekki fyrr en pabbi þeirra hafði sýnt þeim hvernig ljósið frá vitanum glampaði í gluggum húsanna, að börnin róuðust.

Pokan er eitt af einkennum Vestfjarða, sjólæðan kemur af hafi og verður að dalalæðu. Hafpokan fer hratt um núpa og annes, fyllir fjöll og dali af kynjamyndum, skrímslum og vættum, illum eða góðum sem finnast í kyrrri þokunni. Þá fer ímyndunaraflíð á kreik, álfar og huldufólk á sveimi, varast verður að gista hjá því í bjargi eða hólum, því þá verða menn aldrei samir og áður.

Hérna á enda heims gat stundum brimað í logni og besta

veðri, og er það stórfengleg sjón. Fjallhá undiralda kemur norðan úr Dumbshafi og skellur áskerjum, hleinum og fjöru með dynjandi brimhljóði sem fyllir nágrennið þungum dynk og ekkahljóð rís á útsogi hafsins er ölduna slotar.

Þegar þau voru að ganga frá húsbúnaði sínum við bæinn, heyrðu þau skothvelli glymja ofan úr hlíðunum, eins og þeir kæmu innan úr Norðdal.

„Þetta hljóta að vera skyttur á grenjum,“ sagði vitavörðurinn við konu sína, þar er þau stóðu á bæjarhlaðinu og horfðu í áttina, þaðan sem hvellurinn kom. Seinna um kvöldið komu tvær skyttur gangandi að vitanum og voru með sextófur. Þeir voru búnir að liggja á greni uppi í Norðdal. Var annar mannanna frá Bolungarvík og hinn frá Skálavík. Lágfóta var búin að gera mikinn usla í búfenaði þeirra Skálavíkurbænda og drepa nokkrar kindur. Það einkennilega var þó, að aldrei misstu þau sjálf fé í kjaft lágfötu allan sinn búskap við vitann – það var eins og tófan bæri meiri virðingu fyrir búfenaði þeirra en annarra. Það var alltaf mikið af tófu uppi í dölunum og var öðrum bændum til mikils ama.

Sunnan til við Keflavíkina rís Gólturinn en að norðan er Öskubakurinn, upp á Öskubakinn frá vitanum gengur Stefnir eins og skipsstefni upp fjallshlíðina. Bæði þessi fjöll snúa nær samfelldum klettabeltum að sjó og undir þeim er lítt fært fyrir gangandi, nema lágsjávað sé og er fjaran þó heldur ógreiðfær, forvað, urðir og klungur. Samgönguleiðin að vitanum er að mestu sjórinn, þó lending sé oft ófær vegna brims við ströndina. Hægt er að fara upp úr svonefndum Norðdal og upp á Öskubak um Bakkaskarðið til Skálavíkur. Þá

er hægt að ganga yfir Gólt og niður í Súgandafjörð. Norðan til í Geltinum eru fjögur djúp gil sem ná úr fjöru upp á efstu brún. Yst er Skínandisgil, þá Stúfsgil, síðan Uppgöngugil og Stekkjagil innst. Skínandisgil er alveg ófært uppgöngu, en hin þrjú munu fær vel þjálfuðu fjallgöngufólki. Uppgöngugil er beint á móti Búðargili í landi Galtar í Súgandafirði. Þar sem gilinn mætast er aðeins örstuttur spölur milli brúna uppi á fjallinu.

Uppafvikinni er víða grösugt land og góð sumararbeit fyrir búfenað. Túnstæði er uppi á háum bökkum og heldur túnið þar sínum gamla svip, því þar hafa aldrei komið vélknúin jarðvinnslutæki. Graslendið ofan við fjöruna og norðan við Stekkjagil heiti Kótlur. Norðan við Kótlur er Hvammurinn, ofan við miðja Mölvík og síðan Stekkjatúnið innan við Mölvík. Sjávarbakkarnir innan við Mölvík ná að Keflavíkurhól, en þar stendur vitinn framarlega á bakkanum. Áin sem fellur um túnið heitir Keflavíkurá. Við árósa er hægt að lenda bát í sléttum sjó en svolítið norðar er vogur sem heitir Lending og er oftast lent þar. Strandlengjan er um það bil einn og hálfur kílómetri að lengd og upp frá henni skerst inn í landið dalkvos sem skiptist, þegar ofar dregur, í tvo dali, Sunndal og Norðdal. Vestan til í botni Sunndals er Tóuskarð en ennþá vestar er Hádegishorn og svo Miðmundarhorn. Vestan við Miðmundarhorn eru Jökulteigar og ofarlega í þeim Jökull, snjóskafi sem aldrei leysir, en vestar er Bölli og undir honum Svörtuklettur. Sunndalshorn skilurað Sunndal og Norðdal.

Hjá þeim á vitanum var um tíma vinnukona er hét María Egilsdóttir og var hún frá Stað í Súgandafirði, var hún þeim hjónum mikil stoð og stytta, sérstaklega húsmóðurinni. María var lítið gefin fyrir börn. Yngsti sonur þeirra Þorbergs og Rannveigar, Jón, var þó í miklu uppáhaldi hjá henni og vinnukonan átti það til að hreyta ónotum í hin börnin en gæla við þann yngsta. Þetta varð til þess að hin börnin voru alloft að hrekkja hana þegar ekki sást til og lokaði hún þau þá úti ef svo bar undir og átti það jafnvel til að læsa þau inni í útihúsum ef sá gállinn var á henni. Það kom iðulega í hlut Jóns að frelsa systkin sín. Jón svaf oftast fyrir ofan vinnukonuna og ef svo vildi til að hann pissaði undir, voru „það aðeins gulldropar“ sem komu frá honum, svo mikið



Galtarviti árið 1936 (Ljósmyndasafn Ísafjarðar).



Suðureyri við Súgandafjörð. Gegnt bænum er Norðureyri (Ljósmyndasafn Íslands).

þótti henni vænt um drenginn.

Það var erfitt að koma aðföngum að vitanum, þ.e. fyrir utan þau sem vitaskipið Hermóður kom með á hverju hausti. Vitavörðurinn var með eina kú á bás og stundum tvær, er oftast ekki báru nautkálfi, þannig að hægt var að halda nýtum í kúnni. Kýrin mjólkaði frekar vel og framleiddi þau mikið af súr sem seldur var á Suðureyri. Eitt vorið bar kýrin kvígu, svo að nú voru góð ráð dýr. Þorbergur þurfti að ná sér í nautkálfi. Stuttu eftir kvíguburðinn kastaði kýr að Galti nautkálfi og gerði hann sér ferð að bænum til að falast eftir kálfinum. Samdist þeim bændum um viðskiptin, en kálfinn varð að bera frá Galti að Galtarvita. Setti hann kálfinn í fetil svo að hann gæti borið hann í bak og fyrir. Það tók hann rökkegla fjóra tíma að klöngrast eftir fjörunni heim að vitanum.

Það sem fór verst í þau var einangrunin, sérstaklega fór hún illa í konuna, hann komst þó í vinnu inn á Suðureyri. Þau voru með útvarp til að hlusta á, var það nýlegt lampatæki og gekk það fyrir rafhlöðu. Þar sem ekkert rafmagn var á vitanum, varð hann að fara með rafhlöðuna inn á Suðureyri í hleðslu. Þetta voru svokallaðar votrafhlöður, sem voru fullar af súru. Þegar hann gekk með þær á bakinu vildi stundum slettast upp um lokin, þannig að oftast ekki voru komin súrugöt á fötin eftir ferðalagið fram og til baka. Vegna þessara erfðleika með að halda rafhlöðunum hlöðnum, var ekki mikið hlustað á útvarp, en þó reynt að hlusta á fréttir og veður, einstaka sinnum á guðsorðið á jólum og öðrum hátíðisdögum.

Vitavörðurinn var meðal-maður á hæð, grannvaxinn og samsvaraði sér vel. Andlitið var byrjað að markast af vinnu og útiveru, samt var auðséð að um myndarlegan mann var að ræða. Augun voru glettin og allar hans

hreyfingar léttar og liprar. Hann gekk svolítið háleitur í fasi, ekki fyrir það að hann væri stærilátur, þetta voru ættareinkenni frá Miðvíkurættinni.

Það var barið aftur í hurðina í þann mund er hann var að teygja sig að hurðarlokunni og engu lausar en áður. Þegar hann opnaði dyrnar sá hann sér til mikillar undrunar að úti stóðu fjórir einkennisklæddir hermenn. Allir voru þeir, að honum fannst, vopnaðir í bak og fyrir.

„Thorbergur Thorbergsson,” sagði sá er stóð næstur dyrunum, á torskilinni íslensku. Vitavörðurinn var enn svo hissa að hann kinkaði bara kolli, þegar hann heyrði svona afbakaðan framburð á nafni sínu.

„Gott kvoold,” sagði sá er hafði spurt hann um nafn. Vitavörðurinn sá að hann var að lesa af blaði, en fas hans var mjög valdsmannslegt, auðsjáanlega fór hann fyrir þessum hópi.

„Hvaða ferðalag er á ykkur, á þessum tíma sólarhrings?” var loksins það sem vitavörðurinn spurði um. En enginn mannanna skildi hann.

„Lirr thhu vitavordur her?” las hermaðurinn.

Vitavörðurinn kinkaði kolli. Honum fannst þetta hálf-heimskuleg spurning, eins og það gætu verið margir hér.

„This is our prisoner mr. Thorbergsson,” sagði hermaðurinn við hina. Vitavörðurinn skildi bara föðurnafnið sitt. Hann grundaði ástæðuna fyrir komu hermannanna hingað á vitann, en vildi ekki trúa því að þetta væri að gerast.

„Vid er at fangi thig, thu koma med okkar,” hélt hermaðurinn áfram. „Thu verja thyskan njosnara og hefur sett okkar í haettu.” Hermaðurinn rétti honum pappírinn sem hann hafði verið að lesa af. Þar stóð

klæða sig, gerði það hægt og rólega, óþarfi að gera börnin hrædd. Hermennirnir stóðu í dyragættinni og horfðu vökulum augum á allt sem gerðist. Vitavörðurinn þótti óþægilegt að klæða sig fyrir framan þessa dáta, svo hann flutti sig bak við litla fataskápinn í herberginu, úr augsyn hermannanna. Hermennirnir hlupu til þegar þeir sáu að vitavörðurinn var horfinn sjónum þeirra. Eftir það stóð einn þeirra við skápinn og horfði á allarathafnir fangans. Það skyldi ekkert fara fram hjá vökulum augum umboðsmanna hans hátignar Bretakonungs.

Ekki var að merkja að börnin gerðu sér grein fyrir hvað væri að gerast. Þau voru ósköpróleg og yfirveguð, enginn grátur. Vitavörðurinn var feginn að yngsta dóttirin hafði farið með mömmu sinni til Bolungarvíkur, hún átti það til að fara að gráta af minnsta tilefni. Hann hafði svo sem varað eldri börnin við, að svona lagað gæti gerst, en hafði sjálfur ekki haft mikla trú á því. Börnin mundu öll eftir þýska mannum sem hafði verið hjá þeim í vetur, þeim sem ekki mátti segja frá.

„Þórey og Elías, ég verð í nokkra daga í burtu svo þið verðið að hugsa um heimilið á meðan, skepnurnar og vitann. Elli minn, þú verður að fara norður í Bolungarvík og láta hana mömmu þína vita, að ég hafi farið með breskum hermönnum. Ég veit ekkert hvert þeir fara með mig, en hafið engar áhyggjur.”

Þau kinkuðu kolli án þess að segja orð. Stúlkan tók saman þann fatnað sem pabbi hennar bað um og setti í litlu ferðatöskuna. Hin börnin voru farin að klæða sig.

Vitavörðurinn varð hugsað til konu sinnar og minningin um fyrstu kynni þeirra var honum ofarlega í huga. Hún hafði komið sem ráðskona til Friðbjörns, bróður vitavörðarins, sem þá var verslunarstjóri Sameinaða félagsins á Látrum í Aðalvík. Verslunarstjórinn, eða Friðbjörn faktor eins og hann var ætíð kallaður af sveitungum sínum, hafði nýverið misst konu sína frá fjórum ungum börnum og var nú þessi stúlka ráðin til að annast heimilið. Gerði hún það, ásamt því að sinna ljósmóðurstarfinu, en hún var þá orðin yfirsetukona Sléttuhrepps. Faktorinn rak þarna, ásamt versluninni, fiskmóttöku og verkun og var Þorbergur í vinnu hjá bróður sínum við fiskmóttöku og söltun, þegar unga stúlkan kom að Látrum. Hann hafði svo sem séð hana áður, því þau höfðu gengið til prestsins á Stað og fermst saman.

Þorbergur var ekki sjálfur mikið fyrir sjó, sjóveikin sótti alltaf að og það átti betur við hann að vinna við fiskverkun. Hann kynntist líka mörgum sjómanninum er lagði upp hjá faktorinum, þar á meðal þeim bræðrum Jóhanni Eyfirðingi og Þorsteini Eyfirðingi.

Honum fannst gaman að gantast við ráðskonu bróður síns og fann fljótt að hún hafði gaman að þeirri athygli sem hann veitti henni. Þeir voru nú samt fleiri sveitungarnir á Látrum sem reyndu að gera hosur sínar grænar fyrir henni, en flestir voru samt sannfærðir um að faktorinn myndi hreppa stúlkuna. Þorbergur ætlaði ekki að láta hana ganga sér úr greipum bardagalaust.

Strax á fyrsta dansleik notaði hann hvert tækifæri til að sveifla ráðskonunni í dansi og bauð henni upp á veitingar á milli, til að halda öðrum vonbiðlum frá stúlkunni sinni. Smátt og smátt vann hann hjarta hennar. Hún hafði komið að Látrum 1925, þá 23 ára gömul og hann var þá 24 ára. Þau gengu í hjónaband 29. desember 1926, þá þegar búin að eignast sín fyrstu börn, tvíburana Þóreyju og Elías.

Vitavörðurinn horfði yfir krakkaskarann sinn og um leið fór um hann tilfinning ríkidæmis. Hann var ekki ríkur maður á krónur og aura, en hann átti hlýtt og ástríkt heimili – og nú var hann að búa sig út í óvissuna. Hann hafði svo sem vitað að svona gæti farið, þessi tilfinning hafði legið þungt á sálartetrinu frá því hann tók að sér þetta viðvik fyrir Jóhann Eyfirðing kaupmann á Ísafirði.

Vitavörðurinn tók að



Frá vinstri: Elías Gunnar, þá vitavörðurinn Þorbergur Þorbergsson, styður á kollinn á Halldóri Svanmundi, Guðrún Þórey, þá ljósmóðirin Rannveig Jóna Jónsdóttir, í fangi hennar Jón Hálfán, Ragnar Hermann, Guðrún Ásgeirsdóttir frá Árbakka Hnífsdal vinnukona, í fangi hennar Salbjörg Olga. (Valgeir Ómar Jónsson)

Þá var mikið hlegið í Árneshreppi

„Allt í þínum kassa eru
brjóstahaldarar, Axel minn“



Axel Thorarensen á Gjögri og Kjartan Ólafsson alþingismaður. Myndin tekin í einu af rómuðum ferðalögum Alþýðubandalagsins um Vestfirði forðum. Ljós. Finnbogi Hermannsson.

Regínu Thorarensen, fréttaritara Morgunblaðsins á Gjögri í Árneshreppi sagði svo frá í fréttapistli sínum í ágúst 1960:

Pegar verslunarleifar verslunarinnar í Djúpavík voru boðnar upp, var uppboðið fámenn, en að öðru leyti hin besta og skemmtilegasta

samkoma og fóru allir þaðan ríkari en þeir komu. Barna var meðal annars boðinn upp ágætis fatnaður og kryddvörur fyrir ótrúlega gott verð. Til dæmis voru frakkar, sem kostuðu 490 krónur fyrir 10 árum, nú seldir á 30 til 60 krónur.

Uppboðið gekk fjörlega fyrir

síð og ýmislegt bar við. Eitt af því var að Axel Thorarensen á Gjögri, níu barna faðir, bauð í girnilegan kassa, sem hann vissi ekkert hvað var í. Axel átti að lokum hæsta tilboðið og eignaðist við 3ja hamarshögg. Hann beið ekki boðanna og reif upp kassann, eins og forvitið barn tekur upp sína jólapakka, til að forvitnast um hvað í honum væri. Er hann fór að skoða innihaldið, hélt hann skyndilega brjóstahaldara á loft og spurði út í salinn:

„Hvað er nú þetta?“

„Þetta eru brjóstahaldarar, allt í þínum kassa eru brjóstahaldarar, Axel minn, sem kvenfólkið notar,“ svaraði hreppstjórinn og uppboðshaldarinn.

„Og hvar í andskotanum hengja þær nú þetta utan um sig, ha?“ spurði Axel, sem var mikill húmoristi. Þá var mikið hlegið, dátt og innilega og uppboðshaldarinn kjaftstopp.

Helvítis lygin í henni Regínu!

Regína Thorarensen, fréttaritari Morgunblaðsins á Gjögri í Árneshreppi, sendi sínar fréttir yfirleitt skrifaðar og póstsendi. Á þeim tíma var ekkert flug enda enginn flugvöllur, Árneshreppur einangraður. Langt frá því að vera kominn í vegasamband. Þannig að pósturinn fór sjó-

leiðis með Ríkisskipum. Hún hafði það ekki fyrir vana sinn að senda fréttir til Mbl. í gegnum sveitasímann. En átti það til að fara norður á Finnbogastaði í Trékyllisvík, þar sem símsstöð var.

Einhverju sinni fór hún norður á Finnbogastaði, þeirra erinda að senda fréttir í gegnum símsstöðina. Fróken Gyða sá um símsstöðina og náði sambandi við Mbl. og Regína mátti byrja lesturfrétta norðan úr Árneshreppi. Oft á tíðum fólust fréttir Regínu í gagnrýni á Kaupfélagið og Framsóknarflokkinn og þegar Gyða var nóg boðið, greip hún gjarnan inn í símtalið og sagði: „Þetta er helvítis lygi í henni Regínu!“



Regína Thorarensen fréttaritari Mbl. á Gjögri í Árneshreppi.

Úr bókinni Vestfirðingar til sjós og lands



Vestfirská forlagið

Þóttunarsími og fax 456 8181
netfang: jons@snerpa.is • vefang: hralmsseyri.is

JÓN OG GUNNA VERSLUN
AUSTURVEGI 2 • SÍMI: 456 3464

*Mikið úrval af fallegum
fötum og skóm og dömur
og herra.*



Opnunartímar í desember:

Alla virka daga 11:00-18:00

Laugardaga 11:00-16.00

Föstudag 22.des 11:00-20:00

Þorláksmessa 11:00-23:00

Áfangadagur 10:00-12:00

BERTONI
OF DENMARK

FREE|QUENT®

mby m ELTON

SixMix

Allt þetta fólk

Pormóðsslysið 18. febrúar 1943
e. sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson



sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson

Vestfirski forlagið hefur gefið út bókina Allt þetta fólk – Pormóðsslysið 18. febrúar 1943 eftir sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson. Pormóðsslysið er ein mesta blóðtaka sem nokkurt íslenskt byggðarlag hefur orðið fyrir. Þá fórust 31 maður, þar af 9 konur og eitt barn. Í hópnum voru 6 hjón og pör, blómi samfélagsins á Bíldudal. Pormóður var á leið frá Patreksfirði til Reykjavíkur og fórst við Garðskaga. Enginn komst lífs af.

Slysið sló alla þjóðina óhug og harmi og umfjöllun um það fyllti öll blöð langan tíma á eftir og olli ofan á allt stjórnmáldeilum. Landsmenn fundu til ríkrar samúðar og á opinberum vettvangi voru minningarstundir. Í Dómkirkjunni var minningarstund yfir kistum fimm skipverja sem þá höfðu fundist.

Sr. Jakob er frá Bíldudal og hefur lifað með þessum minningum og að hvatningu úr hópi þeirra 56 barna sem fólkið lét eftir sig og mörgu barnabarna sem af þeim eru komin hefur hann ritað þessa bók.

Í bókinni er fjallað um byggðarlagið sem fyrir áfallinu varð og farnað þess, æviágrip fólksins sem fórst, kringumstæður ferðalagsins, skipið Pormóð og siglingu þess, rannsókn skipstapans og deilurnar sem urðu í kjölfarið. Þá eru birt minningarorð um hin látnu sem birtust í blöðunum á sínum tíma.

Bókin geymir og fjölbreytt myndefni sem sýnir þau sem í hlut áttu og það sem varðar örlagaför þeirra. 160 blaðsíður.

Hvernig hefur Pormóður getað farist með öllu þessu fólki? Þessi spurning lýsir vel viðbrögðunum við ótíðindunum sem og óhugnaði þeirra og er um leið grunnsurning bókarinnar.

Lagt af stað

Það er logndrifa svo ekki sér yfir í Biltuna hinumegin Bíldudalsvogsins. Húsin sem kúra á Búðareyrinni eru snævi þakin og það logar á götulýsingunni í rökkrunu. Það er kominn 16. febrúar en dögun er enn ekki í nánd. Það marrar þungt í snjónum á þessari stuttu leið niður á bryggju. Þar liggur Pormóður við bryggjuhausinn. Það tókst að fá hann inn á Bíldudal og þeir ætla að taka fólk með. Það eru svo margir sem þurfa að komast suður.

Forystumenn atvinnulífsins þurfa suður að ræða við eigendur og banka um rekstur liðins árs og horfur hins nýja. Sjómenn þurfa að komast til skipa sinna. Ungt fólk þarf að komast í vinnu, enda uppgrip fyrir sunnan og vantar fólk. Stríðsgróðinn er farinn að segja til sín. Það er svo aldrei að vita hvort Esjan kemur við á leið að norðan; um það fást aldrei nein svör. Ekki kom hún við á norðurleiðinni, enda á hraðferð; ekki komið síðan í nóvember.

Það drífur að fólkið. Skipinu liggur á. Það er með fryst kjöt í lestinni frá Hvammstanga sem þarf að komast í maga

hermannanna fyrir sunnan. Þegar lagt er af stað er allt þetta fólk búið að finna sér einhverja holu um borð. Konurnar fá koju. Yngra fólkið situr í matsal og þar sem það finnur pláss.

Það er áfram logn þegar siglt er út Arnarfjörðinn en þegar komið er á Patreksfjörð er farið að kula. Þar eru presturinn í Sauðlauksdal og skipstjórinn á Baldri teknir um borð eftir nokkra bið og þá eru þau orðin 31 um borð. Þetta er of margt fólk til þess að það geti farið vel um það. Þetta skip er ekki neitt farþegaskip. Þetta er línuveiðari og síldarskip; leigt í strandflutninga af Skipaútgærdinni til að bæta upp siglingaleysi vegna stríðsins.

Það er farið að hvesa þegar komið er fyrir Blakk og veður í uppgangi. Þá er um að gera að komast suður áður en hann nær inn á landið og á siglingaleiðina afalvöru. Pormóður er þokkalegt gangskip og getur verið kominn til Reykjavíkur áður en langt verði liðið á næsta dag. Verst með þessar tafir á Patreksfirði. Skipið hefði eiginlega getað verið komið langleiðina suður núna. En það er vont að átta sig á veðrinu þegar engar eru veðurfréttirnar.



Pormóður leggur frá Bíldudal, Garðskagaflös.

Það er orðið ærið hvasst og liðið að kvöldi þegar komið er undir Snæfellsnes og þá álitist skynsamlegast að leita vars þó að kjötið gæti skemmst eitthvað. Alls er óvíst hversu lengi veðrið vari. Akkerum er því varpað undir Ólafsvíkurenni

yfir nóttina. Í dagrenning er akkerum létt og haldið aftur af stað.

Pormóður ver sig vel og vindurinn er vonandi enn svo sunnanstæður að það getur orðið skaplegt sjólag þegar komið verður inn á Faxaflóa.

Öldurnar ganga yfir skipið við Öndverðarnesið og um borð eru flestir orðnir sjóveikir og bera sig illa. Þetta verður mikill barningur áður en lýkur. Erftitt að skilja hvers vegna skipið beið ekki afsér veðrið í Ólafsvík eða fór inn á Grundarfjörð.

Í Faxaflóa

Farið er að óttast um skipið og reyna að hafa samband við það um kl. 16 en tekst ekki fyrr en kl. 19. Þá segir skipstjórinn þá slóa í Faxabugt og geti ekki sagt til um það hvenær skipið nái til Reykjavíkur. Þeir hafa þá verið á hægri siglingu allan daginn, haldið upp í veðrið og þokast suður í Faxaflóann. Engin tök hafa verið á því að snúa undan og inn til Reykjavíkur. Úti í rúmsjó var þeim nokkuð óhætt og í dagsbirtunni mátti víkja sér undan ólögum. Nógu margir hafa verið í brúnni til að fylgjast með þeim. Gísli skipstjóri hefur haft ráðuneyti af Þórði kollega sínum og Bárði stýrimanni. Lárus og Jóhann vélstjórar hafa lagt sig fram um að vélin gengi og hafa dælt sjó úr skipinu eftir þörfum sem áreiðanlega hafa verið allnokkrar. En sem sagt; allt var í lagi og eftir ástæðum kl. 19, ella hefði þess sjálfsagt verið getið.

Tveir farþeganna sendu líka skeyti til síns fólks og sögðu að öllum liði vel, og þeir höfðu helst hugmynd um að þeirra væri ekki að vænta fyrr en morguninn eftir. Þetta hljóta að hafa verið orð þeim



Stafnesvíti. Mynd: Jón O. Hauksson

til hughreystingar sem biðu þeirra, því engum hefur liðið vel í slíkum veltingi og stórviðri sem skipið barðist í. Margir hafa verið sjóveikir og fengið að liggja í kolum hásetanna eftir því sem þær entust til en aðrir

hafa setið á bekkjunum framan við þær og í „messanum“ sem var undir bátadekkinu. Svefn hefur ekki verið næðissamur í tvær nætur og fólkið því allt orðið slæpt. Gunnlaugur matsveinn hefur hins vegar

gefið nóg að borða eftir því sem fólkið hefur haft lyst á, en ólíklegt að það hafi verið mikið þennan síðasta dag eins og skipið veltist.

Undir þessum kringumstæðum hefur óttinn fyrst og

fremst verið undirliggjandi, ekki efst í huga, heldur slæm líðanin og þreytan. Fólkið er svo margt um borð að þar er allstaðar þéttsetið. Loftið er þungt vegna innilokunar og ælufýla, þótt eflaust hafi verið reynt að þrifa uppköstin. Allir hafa þurft að skorða sig og halda sér í þungum veltingnum, þegar skipið lyftist upp á öldufaldana til þess svo að hlunkast niður í öldudalinn, láta laust upp og niður allan daginn.

Þegar komið er fram á kvöld og myrkur skolið á breytast aðstæður allar mikið til hins verra. Mennirnir í brúnni sjá hvorki siglingamerki né brotsjóina. Þeir gera sér líklega grein fyrir því að þeir eru komnir í grennd við Garðskagaröstina.

Lætin í sjónum hljóta að hafa veitt vísbendingar um það. Brot lenda á Þormóði og leki eykst. Dælurnar hafa ekki undan lengur. Það sem lausast er ofan þilja er farið fyrir borð. Hvergi glittir hins vegar í Garðskagavita í særokinu. Hann er of lágur og ljóslítil til þess.

Ísfrisk jólatré 2017 Skógræktarfélag Ísafjarðar

Laugardaginn 16. desember frá kl. 13:00 -15:00 býðst fólki að koma í skógarreit Skógræktarfélags Ísafjarðar ofan Bræðratungu og höggva sér jólatré. Í boði er fyrst og fremst stafafura en líka er hægt er að finna sitkagreni.

Gestir þurfa að hafa sög meðferðis en einnig er í boði að klippa skrautgreinar.

Komið er að svæðinu af Skógarbraut, og þarf síðan að ganga upp í reitinn.

Verð kr. 5000; í reiðufé eða inn á reikning

Með jólakveðju úr skóginum

Litlu jól eldri borgara

Sunnudaginn 10. desember kl: 15 í Safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju.

Allir hjartanlega velkomnir!

Hugvekja, söngatriði, kaffi veitingar.

Ekki er óskað eftir jólapökkum líkt og undanfarin ár

Ef einhvern vantar bílfar vinsamlegast hafið samband við Fanneyju s: 864 4474 eða Þórunni s: 865 5713

Kvenfélag Ísafjarðarkirkju

Landsliðið 2030 !



STARTUP
TOURISM

Nýsköpun í
ferðapjónustu
**Umsóknarfrestur
til 11. desember**

Taktu næsta skref
með Startup Tourism

Startuptourism.is

Við leitum að verkefnum
sem stuðla að dreifingu
ferðamanna víðs vegar um
landið, allan ársins hring og
nýjum lausnum sem styðja
innviði ferðapjónustunnar.

Hraðallinn hefst
15. janúar 2018
og fer fram í Reykjavík.

ICELANDIC
STARTUPS



BLUE LAGOON
ICELAND





Við getum aðstoðað á aðventunni

Í Lyfju færðu ýmislegt sem lauma má í pakka,
fyrir langömmu og frændfólkið – og agnarsmáa krakka.

Þú færð jólagjafir fyrir alla fjölskylduna í netverslun okkar á lyfja.is

LYFJA
– Lifið heil

Auglýsing á vinnutillögu á breytingu Aðalskipulags Reykhólahrepps 2006-2018

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember 2017 að auglýsa uppfærða vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreyting felst í breytttri legu á Vestfjarðavegi (60) í sveitarfélaginu og nýrra efnistökusvæða.

Breytingin fjallar um leiðréttu veglínu á Vestfjarðarvegi milli Bjarkalundar og Skálaness miðað við endurupptekið umhverfismat ásamt nýjum efnistökusvæðum, en veglína hefur breyst á nokkrum stöðum frá gildandi aðalskipulagi.

Markmið breytingarinnar er að auka umferðaröryggi á svæðinu með öruggari og burðarmeiri vegi sem og fækkun einbreiðra brúa. Breytingin er í samræmi við markmið gildandi aðalskipulags um vegi, en þar segir:

„Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar“.

Á þessu stigi liggur ekki alveg ljóst fyrir hvor leiðin verði fyrir valinu og eru því báðar tillögur sýndar á uppdrætti á meðan ákvörðun liggur ekki fyrir. Þegar tillagan verður auglýst þá verður einungis ein leið sýnd.

Vinnslutillagan er birt á heimasíðu reykholar.is og einnig á skrifstofu Reykhólahrepps Maríutröð 5a 380 Reykhóla. Upplýsingar eru einnig veittar hjá Skipulagsfulltrúa.

Kynningarfundur um tillögu að breytingu á aðalskipulagi verður í Stjórnsýsluhúsi Maríutröð 5a, Reykhólum mánudaginn 18. desember nk. á milli 10.00 -14.00 Íbúar og hagsmunaðilar eru hvattir til að mæta og kynna sér uppfærða vinnslutillögu.

Ábendingum skal skila skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Maríutröð 5a, 380 Reykhólahreppur eða á netfangið byggingarfulltrui@dalir.is / sveitarstjori@reykholar.is eigi síðar en 5. janúar 2018



Reykhólar 1. desember 2017
Bogi Kristinsson Magnúsen
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um Eyrarrósina og er umsóknarfrestur er til 15. janúar 2018. Eyrarrósin er viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar. Markmið Eyrarrósarinnar er að beina sjónum að og hvetja til menningarlegrar fjölbreytni, nýsköpunar og uppbyggingar, á sviði menningar og lista. Byggðastofnun, Air Iceland Connect og Listahátíð í Reykjavík hafa staðið saman að verðlaununum frá upphafi, eða frá árinu 2005.

Umsækjendur um Eyrarrósina geta meðal annars verið stofnun, tímabundið verkefni,

safn eða menningarhátíð. Valnefnd, skipuð fulltrúum Byggðastofnunar, Listahátíðar í Reykjavík og Flugfélags Íslands ásamt einum menningarfulltrúa á starfssvæði Byggðastofnunar tilnefnir þrjú verkefni og hlýtur eitt þeirra Eyrarrósina ásamt veglegum peningaverðlaunum. Hin tvö tilnefndu verkin hljóta einnig peningaverðlaun.

Verndari Eyrarrósarinnar er Eliza Reid, forsetafrú.

Í tvígang hefur Eyrarósin verið veitt vestfirskum menningarverkefnum. Árið 2007 fékk Strandagaldur verðlaunin og árið eftir kom Eyrarósin í hlut Aldrei fór ég suður.

Myndir frá Act alone hátíðum sem mörgum þykir framúrskarandi menningarverkefni



Vertu tímanlega fyrir jólin

Opnunartími pósthúsa

16. desember	laugardagur	11:00–17:00
17. desember	sunnudagur	13:00–17:00
18.–22. desember	mánudagur–föstudagur	9:00–18:00
23. desember	laugardagur	11:00–17:00
24. desember	sunnudagur	9:00–12:00

Pakkar

Norðurlönd

Economy	8. desember
Exprés og Priority	15. desember
TNT hraðsending	19. desember

Evrópa

Economy	8. desember
Exprés og Priority	13. desember
TNT hraðsending	19. desember

Bandaríkin

Priority	8. desember
TNT hraðsending	18. desember

Önnur lönd

Priority	8. desember
TNT hraðsending	18. desember

Pakkar innanlands

20. desember

Bréf

Innanlands

B-póstur	18. desember
A-póstur	20. desember

Evrópa

B-póstur	8. desember
A-póstur	15. desember

Utan Evrópu

A-póstur	8. desember
----------	-------------

Við komum því til skila

Bolungarvíkurkaupstaður

Fjármála- og skrifstofustjóri



Bolungarvíkurkaupstaður óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf fjármála- og skrifstofustjóra. Starfið er mjög margþætt og krefst því góðrar færni á ýmsum sviðum. Fjármála- og skrifstofustjóri er yfirmaður á bæjarskrifstofu ásamt því að stýra fjármálum sveitarfélagsins. Ráðning er tímabundin til eins árs með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

Umsóknarfrestur

11. desember

Starfssvið

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum bæjarskrifstofu.
- Ábyrgð á daglegri umsýslu fjármála og bókhalds.
- Umsjón með fjárhagsáætlanagerð, frávikagreiningum og kostnaðareftirliti.
- Ábyrgð á gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Fjárhagslegar úttektir og greiningar.
- Eftirfylgni með framgangi rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði fjármála og fjárreiða.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6072

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi skilyrði.
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi.
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð.
- Þekking á málefnum sveitarfélaga kostur.
- Góð tölvukunnátta skilyrði.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtogaþæfileikar og drifkraftur í starfi.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og góð félagsleg færni.
- Samviskusemi og nákvæmni í starfi.

Bolungarvík er rúmlega 900 manna bæjarfélag. Þar er góður grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli, íþróttahús og sundlaug. Frábær aðstaða fyrir menningarviðburði, nýtt hjúkrunarheimili, ný félagsmiðstöð fyrir unglinga, íbúðir fyrir aldraða og stutt í alla þjónustu. Á næstu árum standa svo fyrir dyrum ýmsar framkvæmdir í bænum. Talsverður vöxtur hefur verið í atvinnulífni á undanförunum árum. Miklir möguleikar til atvinnuuppbyggingar í Bolungarvík eru í sjónmáli og stöðugt skapast ný tækifæri til sóknar.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



Fjarnám

Mí býður upp á fjarnám í fjölmörgum áföngum og er auk þess í samstarfi við Fjarmentntaskólann, <http://www.fjarmentntaskolinn.is/>

Frekari upplýsingar um fjarnám má finna á heimasíðu skólans, http://misa.is/skolinn/skrar_og_skjol/skra/447/, og þar er einnig hægt að skrá sig <https://form.jotformeu.com/73054428566360>.

Nám í dagskóla á vorönn 2018

Ennþá er hægt að innrita sig í nám í dagskóla á vorönn 2018. Allar upplýsingar um brautir í boði má sjá á heimasíðu skólans. Nemendur 25 ára og eldri eru velkomnir í bóknám ef laust pláss er í áföngum. Ekkert aldurstakmark er í verk- og starfsnám.

Sótt er um námið í gegnum http://misa.is/namid/umsokn_um_skolavist/

Allar frekari upplýsingar um námið veita Heiðrún Tryggvadóttir aðstoðarskólameistari (heidrun@misa.is, s. 450 4400) og Andrea Sigrún Harðardóttir áfangastjóri (andrea@misa.is, s. 450 4400).

Vestfjarðabækurnar 2017



Allt þetta fólk.

Þormóðsslysið 18. febrúar 1943 var mikill harmleikur. Líf heillar byggðar og flestra fjölskyldna þar gjörbreyttist og bar merki þess uppfrá því. Hér er í fyrsta sinn fjallað um þennan mikla harmleik í heild eftir öllum tiltækum heimildum. Frásögn sr. Jakobs lætur fáa ósnortna.



Vestfirzkar sagnir 4. hefti.

Úr reynsluheimi forfeðranna í harðbýlum landshluta. Margar sagnir færði Helgi Guðmundsson í fyrsta sinn til bókar eftir margra alda munnlega geymd. Þar komu skilgóðir heimildamenn við sögu.



Sólin er klukkan sjö á Hreiðarsstaðafjallinu.

Jóhannes Sigvaldason er Svarfdælingur. Vann fyrir bændur alla tíð. Fór í pólitik og botnaði ekkert í henni! Framsóknarmenn á Akureyri fóru sjaldan með glens og gamanmál. Það þótti honum svolítið merkilegt.



100 Vestfirskar gamansögur 1. bók.

Þeir eru orðheppnir og miklir húmoristar, Vestfirðingarnir! Græskulaus gamansemi sem allir hafa gott af. Gamanmál eru nauðsynleg, en að baki þeim býr alvara lífs og dauða, sagði Eiríkur skipherra.




Vestfirðingar til sjós og lands.

Já, Vestfirðingar í bak og fyrir. Ef einhver ber af í þjóðfélaginu er hann vissast að vestan. Kraftur, hugrekki og hjálpssemi er lífsleixir Vestfirðinga ásamt húmornum. Manngildi meta þeir í dugnaði og slíku, síður í peningum!



Hjólábókin, 5. bók Rangárvallasýsla.

Viltu ferðast á frábæra staði og samt losna við fjölmenni? Þá er reiðhjólið rétti ferðamátinu. En það merkilega er að hjólábækurnar hans Smára eru ekki bara fyrir þá sem eru á hjóli, heldur alla ferðalanga á Íslandi.



Þorp verður til á Flateyri 2. bók.

Flateyri við Öndarfjörð. Merkileg bréfasöfn úr kofforti og kommóðuskúffu koma við sögu þegar hún Jóhanna rifjar upp ýmislegt um sína ástkæru heimabyggð og nærsveitir.



Vestfirski forlagið

Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is
www.vestfirska.is




Fortunu slysið í Eyvindarfirði á Ströndum 1787.

Ótrúleg saga sem þeir Guðlaugur og Jón rifja upp. Þeir notast eingöngu við frumheimildir úr Þjóðskjalasafninu. Þjörgunarmenn voru margar vikur að komast á strandstað.

Vestfjarðabækurnar fást í bókaverslunum um land allt!

Bók um Fortunu slysið



Út er komin hjá Vestfirska forlaginu bókinn Fortunu slysið í Eyvindarfirði á Ströndum 1787. Guðlaugur Gíslason frá Steinstúni og Jón Torfason tóku hana saman. Strandlengjan frá Hornbjargi og langt suður eftir Ströndum, með öllum sínum flóum, fjörðum og annesjum, var löngum annáluð fyrir að vera hættuleg skipum, stórum og smáum, enda hafa farist þar ótal skip í tímans rás. Í bókinni sagt frá þeim hörmungaratburðum sem áttu sér stað þegar kaupskipið Fortuna strandaði í Eyvindarfirði á Ströndum í september 1787. Öll áhöfn skipsins týndi lífinu.

Halldór Jacobsson, sýslumaður á Felli í Kollafirði, sem kunnur er af afskiptum sínum af Fjalla- Eyvindi og Höllu, stjórnaði rannsókn Fortunu strandsins. Ekki var þar allt sem sýndist og ýmislegt athugavert við meðferð sýslumanns á strandgóssinu.

Skjölín sem geyma þessa 230 ára gömlu sögu, og er stuðst við í bókinni, eru öll varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands.

MYND: ALEXANDER MARKS (CC BY 3.0)



HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET


		NUNNA	VARA	SNEPILL	TVEIR EINS		MÁNUÐUR	MAKA
	STAÐLA							
	UMFRAM					ÓLÆTI SAFNA SAMAN		
	RELL				SIGTI MÉL			
	SKOKK LAMPÍ						ÁTT	EFNI
	↓	RÍKI Í ARABÍU	HÓPUR TVEIR EINS		TÓNLIST FYLGJ-HNÖTTUR			
SÆTUEFNI					TÆKI FRAMFALL			
VIÐUR				GOLA ÚR HÓFI			RÍKI Í SV-ASÍU	
HLJÓM			MÆLI-EINING FADMLAG			DANA	TVEIR EINS KEYRA	
SEGI UPP				NÍSKUR Á FÆTI				
SPYR				FLÆKJU MYGLA				MÚLBINDA
		RÁNDÝRA SUNNAN				ÞÖKK SNÁÐI		
SUSS				FLÍK AKUR			STÖKK	GÆLUNAFN
KYRRÐ			SKORTUR FAG			RÁN PILI		
BRJÁLAÐUR					VEIÐAR-FÆRI			
LASTA					TIFA			
FRAM-KVÆMA					STAGA			



Simi í Bolungarvík 450 7900
Simi á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is



Hafnarstræti 1 • 400 Ísafjörður
Sími: 456-3244 • Fax: 456-4547

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

Fasteignir óskast á söluskrá

Vegna mikillar sölu upp á síðkastið vantar allar gerðir fasteigna á Ísafirði á söluskrá

Sanngjörn sölupóknun og þjónusta á staðnum.

Hafið samband í síma 4563244 eða í tölvupósti - eignir@fsv.is

www.fsv.is





			KROTI	LALLA	TIGNA		TVEIR EINS	REIÐI-HLJÓÐ	EYÐI-LEGGJA
AFL	K	R	A	F	T	U	R		
RUNA	R	Ö	Ð				HYGGJA PURS	T	R
ÖSKERT	A	L	L	T			Í RÖÐ SÖT	R	S
GLAPA RÍKI Í SV-ASÍU	S	T	A	R	A		ENDUR-BÆTA	T	
	↓	SVEFN	KLAKA TVEIR EINS	Í	S	A	VADA SLAGSMÁL	Ö	S
NÝLEORI	Y	N	G	R	I		HAKA RÖL	Á	L
PÚSSA	F	Á	G	A		SKEMMA HÖFÐYR	A	F	L
SPRIKL	I	Ð	KK NAFN SÆTI	K	A	R	L	SKARÐ	TVÍHLJÓÐI SAMTALS
STÍGANDI	R	I	S	RISPA	S	K	O	R	A
TÍÐINDI	F	R	E	G	N	ÍÞRÖTT NASL	G	O	L
	Y	LIMBAND EINSKÆR	T	E	I	P	KJÁNI TÁLKNI-BLÓÐ	F	L
BLAÐ	L	A	U	F	ÚR HÖFI RUSL	O	F	HLÓÐIR VÍÐSKIPTI	S
TVEIR EINS	L	L	MATJURT FÓSTRA	A	S	P	A	S	BARDAGI SKILABÓÐ
TEMJA	A	G	A	LOSNA KRINGUM	O	P	N	A	S
SPENDÝR	S	E	L	U	R	LYKTAR	I	L	M
TRABK	T	R	A	M	P	TRUFLA	R	A	S

Safna fyrir ferðahjóli

Útivist og holl hreyfing eldri borgara er megin hugsunin á bakvið söfnun sem fer nú af stað í Bolungarvík í desember og kallast „Hjólað óháð aldri“. Ætlunin með söfnuninni er að kaupa farþegahjól til að færa hjúkrunarheimilinu Bergi og íbúum Árborgar.

Álíka hjól var keypt var fyrir Hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði árið 2016 og hefur það gefið góða raun.

Hjólið er af gerðinni TRIO BIKE og er rafdrifið að hluta svo auðvelt verður að hjóla um allan bæ. Kostnaður við kaupin á hjólinu með öllum aukabúnaði er um ein milljón króna.

Verkefnið „Hjólað óháð aldri“ hefur reynst vel víða um land og hefur verkefnið rofið einangrun íbúa

hjúkrunarheimila og gefið þeim aukna möguleika á útiveru. Draumurinn er að geta vígt hjólið á sjómannadaginn 2018. Markmiðið er að virkja vini, ættinga og brottflutta til að skrá sig sem sjálfbóðaliða í hjólaferðir.

Reikningsupplýsingar Heilsu-bæjarins Bolungarvíkur eru eftirfarandi:



Kennitala 520109-1610
Reikningsnúmer 0174-26-000802



Stofnfundur Vestfjarðastofu ses

Föstudaginn 1. desember var stofnfundur Vestfjarðastofu ses að viðstöddu fjölmenni í Edinborgarhúsinu. Í stofnsamþykkt stofunnar segir:

Tilgangur Vestfjarðastofu ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðapróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í viðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu ses. er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ses. ná með öflugri samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis hins opinbera.

Þekking

Vit skulum okkum þekkingu á Vestfjörðum sem ferðastað og vinnu- og búsetu- og hagsmunum íbúa og atvinnulífs. Þetta er einn af helstu hlutum í atvinnulífi íbúa og atvinnulífs.

- Fagmennska
- Færni
- Jákvaðni

Ráðgjöf

Vit skulum okkum ráðgjöf og stuðning við þetta ferðastað og vinnu- og búsetu- og hagsmunum íbúa og atvinnulífs. Þetta er einn af helstu hlutum í atvinnulífi íbúa og atvinnulífs.

- Bráun
- Stuðningur
- Árangur

Áhersluflokkar

Vestfjarðastofa hefur skilgreint fjóra áhersluflokka til ársins 2027 og undir hverri þeirra eru þrjár áherslur.

Umhverfi

Vit skulum okkum umhverfi sem er einn af helstu hlutum í atvinnulífi íbúa og atvinnulífs. Þetta er einn af helstu hlutum í atvinnulífi íbúa og atvinnulífs.

- Skipulag
- Samgöngur
- Vottun

Markaður

Vit skulum okkum markaður sem er einn af helstu hlutum í atvinnulífi íbúa og atvinnulífs. Þetta er einn af helstu hlutum í atvinnulífi íbúa og atvinnulífs.

- Vörumerkið
- Menning
- Miðkun

Undirbúningur Vestfjarðastofu hefur staðið um nokkurt skeið og mun hún taka yfir þau verkefni sem Fjórðungssamband Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hafa sinnt hingað til.

Í stjórn Vestfjarðastofu skal skipa 9 einstaklinga og skulu 5 tilnefndir af sveitarfélögum og fjórir af sviði atvinnulífs og menningar. Í þessa fyrstu stjórn voru kosnir:

Jón Örn Pálsson, sveitarfélag Ingibjörg Emilsdóttir, sveitarfélag Margrét Jónmundsdóttir, sveitarfélag Sigurður Hreinsson, sveitarfélag Víkingur Gunnarsson, atvinnulíf og menning Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, atvinnulíf og menning Ágústa Ýr Sveinsdóttir, atvinnulíf og menning Kristján G Jóakimsson, atvinnulíf og menning

Pétur G. Markan, sveitarfélag

Sudoku þrautir

		8	4			5		
4			2		5			
1			3			4	9	2
				3			5	8
5	7	4						
	8		5		2	9	7	4
							8	
3	4			2	9			
	6	2	1			7	4	

	7			3				
	9	8		7	2	4		
	6							9
	3	5	2		9	1	7	4
		2	8	4			9	6
9	4	6		3			8	
	2		5			9	4	
4		9		2				7
6			4		7	2	3	5



Eftirréttir



Jóla ostakaka

Ostakakan okkar með blönduðum skógarberjum
er dásemd á disk og himnesk í munni

– Fáðu þér bragð af jólinum